

Að sunnan afmarkast svæðið af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi frá og með 23. júlí 1993.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórdur Eyþórsson.

REGLUGERÐ

um bann við tog- og línuveiðum á Halamiðum.

1. gr.

Frá og með 23. júlí 1993 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu ásamt línuveiðum bannaðar á svæði fyrir Vestfjörðum, sem markast af línu, sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 66°44'00 N – 24°39'00 V
2. 66°52'00 N – 24°35'00 V
3. 66°52'50 N – 24°13'00 V
4. 66°56'00 N – 23°59'00 V
5. 66°56'00 N – 23°41'00 V
6. 66°49'00 N – 23°30'00 V
7. 66°44'00 N – 24°10'00 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands öðlast gildi frá og með 23. júlí 1993. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 54 15. febrúar 1993 um bann við togveiðum á Halamiðum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. júlí 1993.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Pórdur Eyþórsson.